

133

AUGLÝSING

16. okt.

um breyting á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, nr. 74 7. des. 1923.

Réttindi þau og gjaldfrestur fyrir einkaleyfishafa, sem um getur í auglýsingu nr. 4 4. janúar 1944, skulu haldast til 1. janúar 1947.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, til að öðlast þegar gildi og birtast öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

134

17. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Hjúkrunarsjóð Hornafjarðar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. október 1946. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRA

fyrir Hjúkrunarsjóð Hornafjarðar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Hjúkrunarsjóður Hornafjarðar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður fyrri hluta ársins 1946 á Höfn í Hornafirði til minningar um þessar konur:

Rannveigu Guðmundsdóttur ljósmóður, Þórunni Þórðardóttur, Katrínu Pálsdóttur, Guðríði Hreiðarsdóttur, Bergþóru Jónsdóttur, Guðrúnu Í. Guðmundsdóttur.

Stofnendur eru nokkrir ættingjar og vinir þeirra, sem oddviti Hafnarhrepps heldur skrá yfir.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er að upphæð 2000 — tvö þúsund — krónur.

4. gr.

Markmið sjóðsins er fyrst og fremst að stuðla að því, að í þessu læknishéraði verði sem allra fyrst starfandi hjúkrunarkona, og sé heimili hennar á Höfn.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Minningargjafir, er honum kunna að berast, og vextir, einnig ef sjóðnum yrði aflað tekna á annan hátt, t. d. með merkjasölu.

6. gr.

Minningargjafir skal leggja við höfuðstól sjóðsins og má ekki veita styrk úr honum fyrr en hann er orðinn kr. 5000.00. En þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita allt að kr. 1000.00 styrk, eftir því sem fé er fyrir hendi, til hjúkrunarnema, er skuldbindi sig til að starfa á Höfn minnst 5 ár, eða starfandi hjúkrunarkonu, ef um það er að ræða. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

7. gr.

Hætti styrkþegi námi eða starfi ekki tilsettan tíma í héraðinu, án þess að veikindi hamli, skal endurgreiða styrkinn eftir samkomulagi við stjórn sjóðsins.

134

17. okt.

8. gr.

Verði styrkur úr þessum sjóði óþarfur í framtíðinni, þ. e. a. s. að hjúkrunarstarfið verði svo vel launað, að ekki þyki ástæða til þess að styrkja slíkan hjúkr-unarnema eða starfandi hjúkrunarkonu, þá ráðstafar stjórn sjóðsins styrktarfénu til hjálpar bágstöddum sjúklingum eða til annarrar líknarstarfsemi.

9. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggum stað, er fullnægi fyrirmælum laga um varðveislu og ávöxtun opinberra sjóða.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, körlum eða konum sem stofnendur velja meðan þeirra nýtur við. En síðan héraðslæknir í Hornafjarðarhéraði, ljós- móðir á Höfn og einn maður tilnefndur af hreppsnefnd Hafnarhrepps, í sameiningu.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagsskrána, minningargjafir, styrkveitingar og annað, er varðar hag sjóðsins. Reikning fyrir sjóðinn semur stjórnin árlega og sendir hann hreppsnefnd Hafnarhrepps til endurskoðunar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

AUGLÝSING

135

17. okt.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Krossavíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis, nr. 161 25. sept. 1942.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis kýs þrjá menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn, og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Einnig skal hreppsnefnd á sama hátt kjósa þrjá varamenn. Hafnarnefnd skal ætíð kjósa, er hreppsnefndarkosningar hafa fram farið.

2. gr.

Gjöld þau, sem um getur í 1. og 2. gr. auglýsingar nr. 71 16. maí 1944, um breyting á hafnarreglugerðinni, skulu framvegis innheimtast með 60% viðauka þar til öðruvisi verður ákveðið.

Reglugerðarbreytingar þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946 til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. október 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.